

146. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 6. febrúar 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.
Lagt fram bréf frá Guðbrandi Björgvinssyni vegna synjunar á niðurrifi og uppbyggingu á lóðinni við Ægisgötu nr. 1, dags. 6.12.2011. Bréfi vísað af bæjarstjórn til skipulags- og byggingarnefndar.
Samkvæmt þinglýstu lóðarbréfi frá 1917 rúmast húsið ekki innan lóðarmarka.
2. Reitarvegur 5, stöðuleyfi á smíði smáhýsa til flutnings.
Kristján Sigurðsson sækir um stöðuleyfi til að byggja a.m.k. þrjú smáhýsi á lóð nr. 5 við Reitarveg, sbr. teikningar og bréf dags. 03.02.2012. Skriflegt samþykki eigenda hússins ,sem smíðin fer fram, liggur fyrir.
Erindi samþykkt.
3. Spennistöðvar, lóðir.
Björn Sverrisson sækir um f.h. Rariks , afmörkun á lóðum fyrir eftirtaldar spennistöðvar: Borgarbraut 4a, Víkurflöt 9a, Nesveg 8, Reitarveg 1 og Skólastíg 11b, sbr. bréf og afstöðumyndir dags. 20202 2012.
Erindi samþykkt.
4. Skólastígur 9, lóðastækkun, bílastæði.
Óli Jón Gunnarsson sækir um 19 m² lóðarspildu fyrir bílastæði, sem liggur milli lóðarmarka Skólastígs nr. 9 og 11b, sbr. afstöðumynd 06.02.2012.
Erindi samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:10.

B.V.

